



## Ársfundur 16. maí 2012 Skýrsla stjórnar flutt af stjórnarformanni

Góðir fundarmenn

Óhætt er að segja að rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu 2011 líkt og undanfarin ár en sjóðurinn hefur um árabíl rekið varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er í ríkistryggðum verðbréfum.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 8,34% og hrein raunávöxtun var 2,96% samanborið við 5,94% nafnávöxtun og 3,25% raunávöxtun á árinu 2010. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 2,55%, sem er með því besta sem gerist hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.076 milljónum króna og hækkaði um 5,7% frá fyrra ári.

Iðgjöld námu samtals 201 milljón króna og hækkuðu um 2,3% frá fyrra ári.

Alls greiddu 151 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 146.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 400 milljónum króna og hækkuðu um 9,1% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþegar var 399 og hefur þeim fjölgað um 11 frá fyrra ári.

Eins og áður segir þá rekur sjóðurinn varfærna fjárfestingarstefnu og af fjárfestingum sjóðsins í árslok voru 4% í verðbréfum með breytilegum tekjum, 95% í verðbréfum með föstum tekjum og um 1% í veðlánnum.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2011, en skv. niðurstöðu matsins versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins um 515,4 milljónir króna á árinu.

Samkvæmt matinu eru áfallnar skuldbindingar 3.951,9 milljónir króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga fyrir 68,2% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 4.922,7 milljónir króna eða sem nemur 35,3% af skuldbindingum. Akureyrarbær er bakábyrgðaraðili sjóðsins og stendur þannig á bak við þann halla sem er á sjóðnum. Fleiri launagreiðendur eru eða hafa skilað til sjóðsins og hafa talsverðar skuldbindingar umfram eignir myndast vegna þeirra skila. Unnið er að því að reyna að ná samkomulagi við þessa aðila, um að þeir komi að uppgjöri á þessum skuldbindingum, þannig að þær lendi ekki á skattgreiðendum framtíðarinnar á Akureyri.

Framkvæmdastjóri mun hér á eftir fara nánar yfir tryggingafræðilega stöðu og áhrif hennar á skuldbindingar bæjarsjóðs.

Eins og fram kom á ársfundi sjóðsins á liðnu ári þá var gerð breyting varðandi endurskoðun sjóðsins og þannig búið um hnútana að innri og ytri endurskoðun er ekki á hendi sama endurskoðunarfyrtækis. Nú liggur fyrir ársfundinum að samþykkja breytingar á samþykktum sem snúa að endurskoðanda sjóðsins. Í stað þess að kveðið sé á um að endurskoðandi Akureyrarbæjar sé endurskoðandi sjóðsins og gerð grein fyrir því á ársfundi þá ber eftir breytingar á samþykktum að kjósa endurskoðanda. Breyting þessi er gerð að kröfum Fjármálaeftirlitsins en miklar umræður urðu um málið innan stjórnar og taldi stjórnin rétt að kanna hvort túlkun eftirlitisins fengi staðist. Taldi stjórn sjóðsins ekki óeðlilegt að sami endurskoðandi væri fyrir sjóðinn og Akureyrarbæ enda væri bærinn með ótakmarkaða ábyrgð á sjóðnum. Þarna er eftirlitið fremur að horfa til formaskilyrða en efnislegra hagsmuna ábyrgðaraðila sjóðsins sem að mínu mati ættu að veða þungt í þessu sambandi.

Hins vegar var Fjármálaeftirlitinu ekki hróflað í þessu máli og verður því sjóðurinn við tilmælunum.

Nú í febrúar kom út skýrsla um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi í október 2008. Óhætt er að segja að skýrslan hafi vakið athygli og viðbrögð. Verulega skortir á að skýrslan gefi rétta mynd af afkomu lífeyrissjóða á því tímabili sem hún fjallar um. Lögð er áhersla á að tíunda tap lífeyrissjóða af einstökum fjárfestingum og eignaflokkum, en ekkert hirt um jákvæða afkomu annarra eignaflokka á sama tíma. Þannig er heildartap LSA sagt vera 699 milljónir króna, á tímabilinu sem skýrslan nær til, en á sama tíma skilaði sjóðurinn jákvæðri ávöxtun öll árin og má sem dæmi nefna að meðaltalsnafnávöxtun s.l. 5 ára er 10,4%.

Nú á vormánuðum var opnaður sjóðfélagavefur á heimasíðu sjóðsins. Á honum geta sjóðfélagar fylgst með réttindum sínum og skilum launagreiðanda. Er þetta góð viðbót á velheppnaðri heimasíðu sem tekin var í gagnið fyrir ríflega ári síðan.

Þá verður ekki komist hjá að nefna að á liðnu ári var lagður á lífeyrissjóðina sérstakt gjald til að standa undir sérstakri vaxtaniðurgreiðslu. Var sjóðnum gert að greiða ríflega 6,2 milljónir króna vegna ársins 2011 og er þetta um 22% af heildarrekstrarkostnaði sjóðsins á árinu.

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins gengið vel á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á árinu. Sjóðurinn er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur sjóðsins og hefur samstarfið gengið með ágætum. Ég vil nota tækifærið til að þakka framkvæmdastjóra og starfsmönnum svo og stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar lífeyris- og sjóðfélögum.